

gerðina greiði skattgreiðandi og má kveða á í úrskurðinum að þau skuli greidd af kaupum hans eða launum ásamt skattinum.

115
28. des.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 23. júní 1932, 2. gr., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1932.

Ásgeir Ásgeirsson.

Sigurj. Markússon.

AUGLÝSING

116
30. des.

um

staðfestingu dómsmálaráðuneytisins á reglugerð um skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis og sérfræðingaleyfis.

Samkvæmt lögum nr. 47 frá 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar, er hérmeð sett eftirfarandi reglugerð um skilyrði fyrir veitingu lækningaleyfis og sérfræðingaleyfis.

REGLUGERÐ

um

skilyrði fyrir veiting lækningaleyfis og sérfræðingaleyfis, samkv. l. nr. 47, 23. júní 1932.

1. gr.

Læknar þeir, sem óska *lækningaleyfis*, skulu sanna, að þeir hafi að minnsta kosti

- a) unnið kandiðatsvinnu á góðu almennu sjúkrahúsi (eða bæði á lyflækninga- og handlækningadeild) í eitt ár.
- b) verið á fæðingarstofnun í að minnsta kosti einn mánuð.

Þeir, sem hafa starfað sem fastir kandiðatar á Landspítalanum í eitt ár, eru undanþegnir síðarnefnda skilyrðinu.

116
30. des.

2. gr.

Læknar þeir, sem æskja *sérfræðingaleyfis*, skulu auk þeirrar framhaldsmenntunar, sem áskilið er í a og b-lið 1. greinar, sanna, að þeir fullnægi að minna kosti eftirtöldum ákvæðum um sérmenntun:

- a) Sérfræðingar í *lyflækni*fræði: þriggja ára starf á lyflækningadeild. Tvö ár af þessum tíma skal læknirinn hafa verið aðstoðarlæknir á Landspítalanum eða jafngildu sjúkrahúsi.
- b) Sérfræðingar í *handlækni*fræði: þriggja ára starf á handlækningadeild, þar af tvö ár aðstoðarlæknir á Landspítalanum eða á jafngildu sjúkrahúsi.
- c) *Berklalæknar*: hálfis árs starf á lyflækningadeild og tveggja ára aðstoðarlækni-starf á heilsuhæli.
- d) Sérfræðingar í *barnasjúkdómum*: tveggja ára starf á barnaspítala eða góðri barnadeild og 3 mánaða starf á farsóttardeild.
- e) Sérfræðingar í *tauga- og geðsjúkdómum*: tveggja ára starf á geðveikraspítala og eins árs starf á taugasjúklingadeild.
- f) Sérfræðingar í *kvennasjúkdómum og fæðingarhjálp*: hálfis annars árs starf á kvennasjúkdómadeild og misseris starf á handlækni-deild, eða tveggja ára starf á handlækni-deild, sem allmikið fellur til af kvennasjúkdómum, og eins árs starf á fæðingadeild.
- g) Sérfræðingar í *háls-, nef- og eyrna-sjúkdómum*: misseris starf á handlækningadeild og tveggja ára starf á háls-, nef- og eyrnasjúkdómadeild.
- h) *Augnlækningar*: tveggja ára starf á augnlækningadeild.
- i) Sérfræðingar í *geislalækningum*: tveggja ára starf á Röntgenstofu og 3 mánaða starf á húðsjúkdómadeild.
- j) Sérfræðingar í „*fysiurgi*“: tveggja ára starf á fysiurgiskri deild, 3 mánaða vinna á taugasjúkdómadeild, 3 mánaða á handlækninga- eða orthopædiskri deild.
- k) Sérfræðingar í *húð- og kynsjúkdómum*: tveggja og hálfis árs starf á húð- og kynsjúkdómadeild.

3. gr.

Þeir, sem starfa á spítölum eða deildum, án þess að vera þar fastráðnir starfsmenn, skulu leggja fram skilríki fyrir því, að þeir hafi tekið fullan þátt í daglegum störfum spítalans.

4. gr.

Skilyrði um viðurkenningu sérfræðinga í öðrum greinum ákveður ráðherra, eftir tillögum læknadeildar, þegar þörf krefur.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er hérmeð birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 30. desember 1932.

Magnús Guðmundsson.

Gíssur Bergsteinsson.